
FUNDARGERÐ

Fundur: 63. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 17. apríl 1997, kl. 09:00
Fundarstaður: Rafmagnsveita Reykjavíkur, Ármúla 31
Fundarefni:

- 1) Skýrsla um truflanir á landinu undanfarin ár og þátttaka Orkustofnunar í starfinu.
- 2) Staða skráningar ársins 1996.
- 3) Þátttaka annarra rafveitna í starfinu.
- 4) Framtíðarstarf hópsins
- 5 Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Guðmundur I. Ásmundsson
Ólafur Pálsson
Hreinn Jónasson
Rúnar Svavar Svavarsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) ÓP dreifði nýju uppkast að skýrslu um truflanir áráanna 1992-94. Hann sagði að búið væri að samræma Yfirlit og Inngang eins og talað var um síðast. Bætt hefur verið við kafla um meiriháttar atburði í kerfinu og teknar hafa verið út kökumyndir og prósentutölur sýndar í texta í staðinn. GIÁ benti á að engin Rarik tilvik væru í listanum yfir meiriháttar atburði. Fundarmenn ætla að fara yfir uppkastið og koma athugasemdum til ÓP innan tveggja vikna eða fyrir 1. maí.
- 2) GIÁ sagði að Landsvirkjun væri búin að ganga frá skráningu síðasta árs. RSS sagði að Rafmagnsveita Reykjavíkur væri að ljúka við að lagfæra skráningu síðasta árs. HJ sagði að eftir væri að leiðrétta skráinguna hjá Hitaveitu Suðurnesja. Tafist hefur að setja nýja skráningarkerfið upp vegna þess að vantað hefur heimild til að setja það inn í ORACLE grunn en nú er sú heimild komin og kerfið verður því sett upp næstu daga. JV sagðist gera ráð fyrir að fá skýrslur frá Orkubúi Vestfjarða til yfirferðar í næstu viku. Hann sagði að gögn væru ekki komin frá Rafmagnsveitum ríkisins.

- 3) JV sagði að búið væri að setja skráningarkerfi rekstrartruflana upp hjá Rafveitu Akureyrar og fyrsta kennsla á kerfið hefur farið fram. Tekjur af sölu kerfisins til þeirra renna inn í sjóði START hópsins. Hann sagðist ekki hafa rætt frekar við Rafveitu Hafnarfjarðar eða Selfossveitur. JV var falið að ræða einnig við Bæjarveitur Vestmannaeyja og Rafveitu Akraness.
- 4) Rætt var um framtíðarstarf hópsins. GIÁ sagði að skráningin væri komin í gott horf og nefndi hvort hópurinn ætti ekki samræma það hvernig veiturnar líta á áreiðanleika í fortíðinni út frá þessum gögnum og hvernig slíkt kemur inn í mat á árangri. Hann sagði að Landsvirkjun væri að skoða þessa hluti og ætlar að fjallar um það sem þeir hafa verið að gera á næsta fundi. RSS sagði að Markaðssvið RR hefði keypt tæki til að mæla yfirtóna og gera má ráð fyrir að slíkir þættir eigi eftir að verða algengari samhliða aukinni stóriðju á næstu árum. JV benti á nýlega skýrslu frá Noregi þar sem fjallað er um áreiðanleika í flutningskerfinu þar. GIÁ ætlar að athuga um skýrslu frá öðrum Norðurlöndum. Stefnt er að því að skoða það sem nágrannaþjóðirnar hafa verið að gera á næsta fundi.
- 5) JV spurði hvort ekki væri rétt að fara að uppfæra teninga og setja upp ferla þannig að veiturnar geti sett sjálfar inn ný gögn í teninga og eytt út gögnum. Slíkt er inni í áætlun hópsins og voru fundarmenn sammála að fara að koma því verki áfram.

GIÁ hafði fundið samning um starfið og RSS tók við honum til undirskriftar.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn en stefnt er að því að halda hann eftir Nordel fund sem verður 29-30 maí og verður þá næsti fundur í byrjun júní. Fundi slitið kl. 10:15.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- "Skýrsla um fyrirvaralausar rekstrartruflanir í raforkukerfinu 1992-93-94". Uppkast (ÓP)